

Ár 2004, mánudaginn 24. maí kl. 15:50 kom Áfrýjunardómstóll ÍSÍ saman á skrifstofu ÍSÍ í Laugardal í Reykjavík.

Mættir eru eftirtaldir dómendur:

Snorri Olsen forseti, Karl Gauti Hjaltason og Helgi I. Jónsson.

Tekið er fyrir:

**Mál nr. 1/2004**  
**Suphit Donkanka**  
**gegn**  
**Kristjáni Georgssyni**

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

#### **D Ó M U R:**

Áfrýjunardómstóll GSÍ kvað upp úrskurð í málinu föstudaginn 20. febrúar 2004. Áfrýjun úrskurðarins er dagsett og móttokin á skrifstofu ÍSÍ mánudaginn 22. mars 2004. Samkvæmt grein 33.3 laga Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands skal frestur til að áfrýja máli til dómstóls þessa vera ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.

Þar sem meira en 4 vikur liðu frá úrskurði Áfrýjunardóms GSÍ, þar til áfrýjun barst dómstólnum, ber að vísa málinu frá ex officio.

#### **D Ó M S O R Ð:**

**Máli þessu er vísað frá Áfrýjunardómstól ÍSÍ**

Snorri Olsen (sign)

Karl Gauti Hjaltason (sign)

Helgi I. Jónsson (sign)